

31

Í Betlehem er barn oss fætt

Bókstafshljómar ekki eins
og í sálmabók

1. Í Bet - le - hem er barn oss fætt, barn oss fætt. Því fagn - i gjörv - öll
 2. Það barn oss fædd - i fá - tæk mær, fá - tæk mær. Hann er þó dýrð - ar
 3. Hann var í jöt - u lagð - ur lágt, lagð - ur lágt en rík - ir þó á
 4. Hann veg - söm - uð - u vitr - ing - ar, vitr - ing - ar, hann tign - a him - ins

Ad - ams ætt.
 Drott - inn skær.
 himn - um hátt.
 her - skar - ar. } Hal - le - lú - ja, hal - le - lú - ja.

5. Þeir boða frelsi' og :/: frið á jörð :/
 og blessun Drottins barnahjörð.
 Hallelúja, hallelúja.

7. Vér fögnum komu :/: frelsarans, :/
 vér erum systkin orðin hans.
 Hallelúja, hallelúja.

6. Vér undir tökum :/: englasöng :/
 og nú finnst oss ei nóttin löng.
 Hallelúja, hallelúja.

8. Hvert fátækt hreysi :/: höll nú er :/
 því Guð er sjálfur gestur hér.
 Hallelúja, hallelúja.

9. Í myrkrum ljómar :/: lífsins sól. :/
 Þér, Guð, sé lof fyrir gleðileg jól.
 Hallelúja, hallelúja.